

Fimmtudaginn 2. mars 1995.

Nr. 505/1994.

Ákærvaldið

(Egill Stephensen saksóknari)

gegn

Bjartmari Vigni Þorgrímssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Áfengislög. Viðurlagaákvörðun. Upptaka.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. desember 1994 í samræmi við yfirlýsingu ákærða um áfrýjun til endurskoðunar á viðurlögum. Ákærði gerir þá kröfu, að refsing á hendur sér verði milduð.

Af hálfu ákærvalds er héraðsdómi áfrýjað til þyngingar á refsingu ákærða. Fyrir Hæstarétti féll ákærvaldið frá kröfu á hendur ákærða um upptöku 148,5 lítra af áfengi, sem hann lét af hendi við lögreglu við upphaf rannsóknar, og var því fargað eftir mælingar og sýnatöku.

Pegar lítið er til þess, sem getið er í hinum áfrýjaða dómi um ákvörðun refsingar, svo og ákvæða 6. tl. 1. mgr. 70. gr. og 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í nýu mánuði. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um upptöku að því leyti, sem ákærvaldið hefur ekki fallið frá kröfu um hana fyrir Hæstarétti samkvæmt framansögðu, svo og um sakarkostnað. Þá verður ákærði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í nýu mánuði.

Ákærði sæti upptöku á 10,5 lítrum af sterku áfengi, tveimur 200 lítra plasttunnum, sex 20 lítra plastbrúsum, kolasíu og mjólkurbrúsa með eimingartækjum.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað skulu vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 20.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 30. september 1994.

Ár 1994, föstudaginn 30. september, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Hirti O. Aðalsteinssyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakamálinu nr. 596/1994: Ákærvaldið gegn Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali lögreglustjórans í Reykjavík, dagsettu 12. september sl., gegn ákærða, Bjartmari Vigni Þorgrímssyni, kt. 100251-4189, Krummahólum 4, Reykjavík, lögheimili Mánagötu 14, Reykjavík, „fyrir áfengislagabrot með því að hafa í júní 1994 í bílskúr við Krummahóla 4, Reykjavík, bruggað 147,5 lítra af áfengi og eimað af því 11,5 lítra af sterku áfengi.

Telst þetta varða við 7. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52/1978 og 2. gr. laga nr. 38/1988 um breytingar á þeim lögum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til að sæta upp-töku samkvæmt 8. gr. nefndra áfengislaga og 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 á eftirtöldu bruggi, áfengi og áhöldum, sem lagt var hald á við rannsókn málsins:

- 10,5 lítrum af sterku áfengi, sem fannst í bifreið ákærða,
- 1,0 lítra af sterku áfengi, sem fannst í kolasíubrúsa,
- 127,5 lítrum af bruggi, sem var í 200 lítra tunnu,
- 20 lítrum af bruggi, sem var í mjólkurbrúsa,
- tveimur 200 lítra plasttunnum,
- 20 lítra mjólkurbrúsa,
- sex 20 lítra plastbrúsum,
- kolasíu,
- og eimingartæki úr 30 lítra mjólkurbrúsa“.

Við meðferð málsins féll ákærandi frá kröfu um upptöku á 20 l mjólkurbrúsa, enda virtist sú krafa stafa af misskilningi.

Málavöxtum er nægilega lýst í ákæru.

Með skýlausri játtningu ákærða þykir sannað, að hann hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök og réttilega er fært til refsíákvæða í ákæru.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann frá árinu 1972 hlotið 14 refsí-

dóma fyrir umferðarlagabrot, skjalafals, fjársvik og áfengislagabrot. Þá hefur ákærði tólf sinnum frá árinu 1967 og fram í mars á sl. ári gengist með sáttum og viðurlagaákvörðun undir að greiða sektir fyrir ýmis brot, aðallega á umferðarlögum og áfengislögum, þ. á m. frá árinu 1986 fjórum sinnum fyrir sölu áfengis, síðast 2. mars 1993, og þá einnig fyrir bruggun. Frá og með árinu 1990 hefur ákærði verið dæmdur fimm sinnum fyrir sölu áfengis og í tvö skiptin einnig fyrir bruggun, þ. e. 13. maí 1992 og 1. desember sl. Ákærði hlaut með dóminum 13. maí 1992 50.000 króna sekt fyrir bruggun og sölu, 2. mars 1993 hlaut hann 300.000 króna sekt með viðurlagaákvörðun fyrir sama, þriggja mánaða fangelsi og 300.000 króna sekt fyrir bruggun og sölu með dómi 1. desember sl., 16. febrúar sl. fimm mánaða fangelsi, hegningarauki að hluta, fyrir bruggun, og síðasti dómurinn gekk 17. maí sl., fjögurra mánaða fangelsi fyrir bruggun. Dómurinn frá 16. febrúar sl. var staðfestur í Hæstarétti Íslands 11. maí sl.

Ákærða verða í máli þessu ákvörðuð viðurlög í tíunda skipti frá árinu 1986, ýmist fyrir sölu og/eða bruggun áfengis, en einu sinni var ákærða ekki gerð sérstök refsing, þar sem um hegningarauka hefði verið að ræða. Með viðurlagaákvörðuninni 2. mars 1993 voru afgreidd fjögur brot ákærða, með dóminum 1. desember sl. einnig fjögur brot, með dóminum frá 16. febrúar sl. þrjú brot og með síðasta dóminum tvö brot.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður höfð hliðsjón af 72. gr. almennra hegningarlaga og óvenjulega hörðum brotavilja ákærða. Þar sem refsidómur virðast ekki hafa hrinið á ákærða, þykir refsing hans nú hæfilega ákveðin fangelsi í sex mánuði.

Ákærði hefur samþykkt upptökukröfu ákæruvalds, og verður hún tekin til greina með vísan til þeirra lagaákvæða, er í ákæru greinir.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talda þóknun skipaðs verjanda hans, Hilmarsson Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.

Sækjandi krafðist saksóknarlauna, en þar sem með mál þetta var farið samkvæmt 125. gr. laga nr. 19/1991 og ekki verður talið, að sókn í merkingu 1. mgr. 168. gr. sömu laga hafi farið fram, verður krafa ákæruvalds að þessu leyti ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bjartmar Vignir Þorgrímsson, sæti fangelsi í sex mánuði.

Ákærði sæti upptöku til ríkissjóðs á 159 l af afengi, tveimur 200 l plasttunnum, sex 20 l plastbrúsum, kolasíu og mjólkurbrúsa með eim-ingartækjum.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talda þóknun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hrl., 20.000 krónur.
